



Ísafjörður, 05.02.2026

Fundargerð Svæðisráðs Vestfirðar

1. fundur haldinn á Ísafirði, 5. febrúar 2026

kl: 12:30

Mætt:

Aðalsteinn Óskarsson (AÓ), formaður svæðisráðs stýrði fundi.

Aðrir fulltrúar svæðisráðs:

Hafdís Sturlaugsdóttir (HS) Strandabyggð, Þórkatla Soffía Ólafsdóttir (ÞSÓ) Vesturbyggð, Jóhann Birkir Helgason (JBH) Ísafjarðarbæ, Jón Páll Hreinsson (JPH) samband íslenskra sveitafélaga, Katrín Pálsdóttir (KP) innviðaráðuneytið, Agnar Bragi Bragason (ABB) atvinnuvegaráðuneytið, Freydís Vigfúsdóttir (FV) umhverfis-, orku- og loftslagsráðuneyti.

Frá Skipulagsstofnun:

Ólafur Árnason (ÓÁ) og Borghildur Sölvey Sturludóttir (BSS) sem ritaði fundargerð.

Boðuð dagskrá er sem hér segir;

Dagskrá fundar:

1. Kynning á fulltrúum nýs ráðs.
2. Hlutverkaskipting: Hlutverk svæðisráðs, Skipulagsstofnunar og ráðuneytis.
3. Almenn kynning á strandsvæðisskipulagi, lögum um haf- og strandsvæði, reglugerð um gerð strandsvæðisskipulags og almennt um þá nýtingarflokka sem á henni byggja.
4. Umræður.
5. Kynning á gildandi strandsvæðisskipulagi Vestfirðar – yfirferð á glærum og svo strandsvæðisskipulagssjá, leyfisveitingarsjá, vöktunaráætlun o.fl.
6. Yfirferð á málum sem hafa komið til umfjöllunar eftir staðfestingu strandsvæðisskipulags Vestfirðar.
7. Umræður.
8. Fundardagskrá svæðisráðs og efni næsta fundar.

Umræða um hvern dagskrálið:

1. Kynning á fulltrúum nýs ráðs.
Formaður opnaði fund og hver og einn kynnti sig.
2. Hlutverkaskipting: Hlutverk svæðisráðs, Skipulagsstofnunar og ráðuneytis. Formaður gaf Ólafi Árnasyni orðið sem fór yfir þessa þætti í kynningu.
Til máls tóku auk formanns, Freydís, Agnar og Katrín.
3. Almenn kynning á strandsvæðisskipulagi, lögum um haf- og strandsvæði, reglugerð um gerð strandsvæðisskipulags og almennt um þá nýtingarflokka sem á henni byggja.

Ólafur kynnti,
Almenn umræða allra fundarmanna undir þessum lið.

4. **Umræður**, Rætt var um að andi laganna væri frekar um gerð skipulagsins en framfylgd.
5. **Kynning á gildandi strandsvæðisskipulagi Vestfjarða – yfirferð á glærum og svo strandsvæðisskipulagssjá, leyfisveitingarsjá, vöktunaráætlun o.fl.**, Ólafur kynnti en fram kom á fundinum að enn á eftir að samræma vöktun frá þeim stofnunum sem hafa það hlutverk.
6. **Yfirferð á málum sem hafa komið til umfjöllunar eftir staðfestingu strandsvæðisskipulags Vestfjarða.** Ólafur kynnti.
Til máls tóku auk formanns, Jón Páll, Jóhann Birkir og Freydís.
7. **Umræður.** Í kjölfarið var almenn umræða um hlutverk svæðisráðsins og framfylgd strandsvæðisskipulagsins, hvert vægi ráðsins væri og hvert vægi Skipulagsstofnunar væri. Bent var á að ráðið sé sáttaumleitandi.
Rætt var um aðgengi að eldri gögnum og þeirri vinnu sem þegar hefur átt sér stað, BSS mun kanna hvernig hægt sé að tryggja það aðgengi sem fyrst.
8. **Fundardagskrá svæðisráðs og efni næsta fundar.**
Skipulagsstofnun mun koma með tillögu að næstu fundardagskrá, en stefnt er á fjarfund 12.mars frá kl. 13:00 til 15:00.

Önnur mál

Samþykkt var að fundargerð yrði send fulltrúum í tölvupósti til samþykktar.
Stofnað verður Teams svæði fyrir alla ráðsmenn þar sem að fundargerð og kynningar verða vistaðar.

Fundi slitið klukkan 15:15